



Patreksfjörður 13.9.2020

Sendandi: Strandveiðifélagið Krókur – félag smábátæigenda í Barðastrandarsýslu

Umsögn um: Mál nr 173/2020. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu o.fl.).**

Í annarri grein: 2. Tilefni og **nauðsyn** lagasetningar, neðst á þriðju blaðsíðu segir:

„Einnig ber að geta þess að á undanförnum sjö árum, utan eins, hafa veiðar í grásleppu ekki náð ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar um heildarafla.“

Úr þessu má einmitt lesa að ekki er þörf á að kvótasetja grásleppuna þar sem ekki er um ofveiði að ræða og því engin fiskifræðileg rök ! Heldur þarf að vera vakandi yfir núverandi kerfi sem hefur virkað, en mætti laga aðeins til eins og smábátasjómenn hafa bent á og barist fyrir, en ráðherra KÞJ harðneitað að verða við þrátt fyrir að slíkt mundi auka hagræði og bæta afkomu.

Er þetta orðið svona inngróið í ráðamenn þjóðarinnar að hafa kvóta á öllu, hvort sem þörf er á því, eða ekki ?

Á nýafstaðinni grásleppuvertíð tókst ráðherranum KÞJ og Fiskistofu að klúðra veiðunum viljandi, til þess eins að koma fram með þetta lagafrumvarp öðru sinni.

Ef þetta verður að lögum þá mun þessi kvóti ganga í erfðir, verða góð söluvara fyrir einhverja útvalda og valda mikilli samþjöppun heimilda eins og reynslan er af allri kvótasetningu til þessa.

Í lokaskýrslu starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um atvinnu- og byggðakvóta, kemur fram að samkvæmt skipunarbréfi KÞJ er markmið endurskoðunarinnar m.a. að leitast við „að hámarka skuli verðmæti umræddra aflaheimilda“ og í niðurstöðum vinnuhópsins sagt m.a. „stuðla ætti að fjölbreytni og tækifærum til nýliðunar í sjávarútvegi“

Það hljóta að vera sömu háleitu markmið í gildi með grásleppuna þ.e. hámarka verðmæti (þá ekki átt við að koma verðmiða á aflareynslu og bókfæra á fáa útvalda) og halda áfram að hafa tækifæri á nýliðun samhliða strandveiðum.

Nýliðun í sjómannastétt mun svo til hverfa, vegna þess að fækkun grásleppubáta verður gífurleg. Dugandi sjómenn hafa fram að þessu margir hverjir stigið sín fyrstu skref á grásleppuveiðum, eða handfæraveiðum.

F.h. strandveiðifélagsins Króks

Einar Helgason, formaður